

27. fundur Skólaráðs haldinn 10. október 2018 kl.16:00

Mætt er Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Lena Ósk Guðlaugsdóttir og Sindri Snær Brynjólfsson fulltrúar nemenda. Hulda Karlsdóttir og Auður Erla Logadóttir fulltrúar foreldra. Birta Huld Halldórsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir sitja fyrir hönd kennara í ráðinu en Ingibjörg er á námskeiði og gat því ekki mætt. Berglind Kristinsdóttir sem situr fyrir hönd grenndarsamfélagsins var ekki mætt. Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks boðaði forföll. Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð.

Sigurgeir bauð fólk velkomið og bauð fulltrúum nemenda að tjá sig um félagsmál nemenda. Lena sagði að búið væri að halda tvö böll og í kvöld væri sameiginlegt ball skólanna í Rangárvallar- og Vestur-Skaftafellsýslu. Þetta ball er hluti af mjög gamalli hefð skóla í Rangárvallarsýslu. Nemendur sögðu einnig frá haustferð unglingsstígs sem þau voru sammála um að hefði tekist vel. Þau Sindri og Lena sögðu frá því að Anna Margrét og Kristján í 10.bekk væru fulltrúar skólans í ungmennaráði.

Sigurgeir sagði frá því að skólahald hafði farið vel af stað og nemendur væru í alla staði til fyrirmyndar, þetta væru fjörugir og skemmtilegir krakkar.

Skólaráð á skv. lögum að móta sér starfsáætlun eða vinnureglur fyrir hvert skólaár. Ákveðið var að fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 16:00 verði fundað í skólaráði og á næsta fundi muni skólaráð ganga endanlega frá þessari starfsáætlun. Særún sagði frá eftirfarandi hugmyndum sem fengnar væru úr umbótaáætlun skólans sem og af fundum skólaráðs frá í fyrra.

- Niðurstöður skólapúlsins (nóv.-des. eða apríl -maí)
- Tvinna saman leiðarljósum skólans og einkunnarorðum.
- Fundur með matráðum varðandi mótuneytið (hugmynd frá matráði skólans).
- Samráðsfundur um framtíðarskipulag á skólahúsnæði Grunnskólans á Hellu.
- Læsisstefna Grunnskólans Hellu sem er í vinnslu hjá kennurum.

Ákveðið að næsti fundur skólaráðs verði fimmtudaginn 1. nóvember kl. 16:00 og verður þar fjallað um mótuneytið og mótuneytismál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 16:40
Særún Sæmundsdóttir